

Helstu niðurstöður aðalfundar N1 hf. 2018

Aðalfundur N1 hf. var haldinn þann 19. mars 2018 klukkan 16:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Á fundinum voru eftirfarandi tillögur samþykktar, auk þess sem sjálfkjörið var í stjórn félagsins.

Tillögur sem samþykktar voru á aðalfundinum eru eftirfarandi:

1. Fundurinn samþykkti ársreikning stjórnar fyrir árið 2017.
2. Samþykkt var að ekki yrði greiddur út arður vegna rekstrarársins 2017.
3. Eftirfarandi skilyrt tillaga stjórnar um styttingu kjörtímabils þeirrar stjórnar sem kjörin var á aðalfundinum var samþykkt:

„Stjórn N1 hf. leggur til að aðalfundur félagsins sem haldinn er 19. mars 2018 samþykki að kjörtímabil þeirrar stjórnar sem kjörin skal á aðalfundinum verði stytta frá því sem 1. mgr. 17. gr. samþykkt félagsins kveður á um ef til þess kemur að öll skilyrði kaupsamnings N1 hf. um kaup á öllu hlutafé í Festi hf. verða uppfyllt og fallið verður frá öllum fyrirvörum. Samkvæmt gildandi ákvæði skal stjórn kjörin til eins árs í senn en stjórn leggur til, ef framangreind skilyrði ganga eftir, að kjörtímabili þeirrar stjórnar sem kjörin skal á aðalfundinum ljúki innan átta vikna frá fullnustu kaupsamnings um kaup N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. Tillagan felur í sér að áður en kjörtímabili stjórnarinnar lýkur skal stjórn félagsins boða til hluthafafundar þar sem á dagskrá verður kjör stjórnar, sú stjórn sem þá verður kjörin mun sitja fram að aðalfundi félagsins árið 2019. Þrátt fyrir að tillaga þessi feli ekki í sér breytingu á samþykktum félagsins telur stjórn að gæta verði sömu skilyrða, þannig að aukinn meirihluta atkvæða þurfi til að samþykkja tillögu þessa. Af sjálfs leiðir að þá stendur kjörtímabil stjórnar óbreytt til næsta aðalfundar ef skilyrði vegna kaupanna á öllum hlutum í Festi hf. ganga ekki eftir.“

4. Endurskoðunarfirmað Ernst & Young var kjörið til að vera áframhaldandi endurskoðandi félagsins fyrir rekstrarárið 2018.
5. Samþykkt var að þóknun stjórnarmanna, varastjórnar, undirnefnda stjórnar og greiðslur til endurskoðenda verði með eftirfarandi hætti:

Stjórnarformaður fái kr. 720.000 á mánuði.

Varaformaður stjórnar fái kr. 540.000 á mánuði.

Aðrir stjórnarmenn fái kr. 360.000 á mánuði.

Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 50.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 100.000 á mánuði.

Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fái kr. 80.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 140.000 á mánuði.

Formaður fjárfestingaráðs fái kr. 140.000 á mánuði.

Formaður fjárfestingaráðs fái kr. 1.440.000 fyrir liðið starfsár.

Greiðslur til endurskoðenda skulu vera samkvæmt reikningi.

6. Starfskjarastefna frá fyrra ári var samþykkt með þeirri breytingu að nefndarmönnum yrði fækkað úr þremur í tvo. Þá var samþykkt að bæta við starfskjarastefnu félagsins bráðabirgðaákvæði þess efnis að starfskjarastefna félagsins yrði endurskoðuð ítarlega og boðað yrði til hluthafafundar innan tveggja til fjögurra mánaða þar sem ný og breytt starfskjarastefna yrði lögð fram.

7. Eftirfarandi tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum var samþykkt:

„Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.“

8. Önnur mál:

Undir liðnum önnur mál lágu fyrir tvær tillögur, sem höfðu borist of seint, þannig að þær komu ekki til lögmætrar afgreiðslu á fundinum. Annars vegar var um að ræða tillögu Gildis lífeyrissjóðs um að félagið tæki upp ákvæði um tilnefningarnefnd í samþykktir sínar, sem fundurinn lagði til að stjórn myndi vinna að. Hins vegar var um að ræða tillögu VR um að öllum starfsmönnum félagsins yrði tryggðar sömu kjarabætur og forstjóra félagsins, bæði til hækkunar og lækkunar, en sú tillaga hlaut ekki hljómgrunn á fundinum.

Stjórn félagsins var sjálfkjörin. Aðalstjórn félagsins skipa:

- Helgi Magnússon, kt. 140149-4119
- Jón Sigurðsson, kt. 180378-4219
- Kristín Guðmundsdóttir, kt. 270853-7149
- Margrét Guðmundsdóttir, kt. 160154-2419
- Þórarinn V. Þórarinsson, kt. 250654-2869